



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 46. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

#### 10. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 16. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

1. Oddviti bar upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður 21, Endurskoðunarskýrsla KPMG vegna ársreiknings 2023 ásamt árituðum ársreikningi ársins 2023. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

2. **Skólanefnd: Fundargerð 11. fundar frá 8. maí 2024.**  
Lögð fram fundargerð 11. fundar Skólanefndar.

*Sveitarstjórn lýst vel á hugmyndir um innleiðingu sameiginlegrar uppeldisstefnu í samfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skóladagatal leikskólans. Einnig samþykkir sveitarstjórn að veita frest til skila á greinargerð starfshóps um samrekinn leik- og grunnskóla til byrjun júní. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

3. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 10. fundar frá 6. maí 2024.**  
Lögð fram fundargerð 10. fundar Umhverfisnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

4. **Fundargerð 280. fundar skipulagsnefndar frá 8. maí 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. apríl sl.**  
Lögð fram fundargerð 280. fundar skipulagsnefndar frá 8. maí 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. apríl sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

#### **Mál nr. 21. Efra-Sel golfvöllur: Breyttur byggingarreitur og hótél; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Efra-Sels í Hrunamannahreppi. Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er að fjölga herbergjum hótels/gistiheimilis á reit VÞ5. Aðalskipulagsbreytingin er forsenda fyrir breytingu á gildandi deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Efra-Sel. Innan gildandi aðalskipulags Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir allt að 80 gistirúmum á allt að 5 ha svæði. Eftir breytingu verður gert ráð fyrir allt að 170 gistirúmum og allt að 5 ha svæði.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

HA

BL

Aeg DCS

JB

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. apríl sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. apríl sl.

**5. Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu: Fundargerð 6. fundar frá 16. apríl sl.**

Lögð fram fundargerð 6. fundar Oddvitanefndar Uppsveita Árnessýslu.

Eftirfarandi liðir afgreiddir sérstaklega:

Liður 3: Greiðsla úr sjóði Laugarásslæknishéraðs.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að greiddar verði út 17.500.000 kr. til aðildarsveitarfélaganna miðað við íbúafjölda 1995-1997. Hluttur Hrunamannahrepps er 30,0% eða kr. 5.250.000 kr.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

**6. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 109. fundar stjórnar frá 24. apríl 2024.**

**- Ásamt ársreikningi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. 2023.**

Lögð fram fundargerð 109. fundar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin og ársreikningur lögð fram til kynningar.

**7. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 110. fundar stjórnar frá 13. maí 2024.**

**- Ásamt samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.**

Lögð fram fundargerð 110. fundar Byggðasamlags UTU bs. ásamt samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. Guðjón Bragason, lögfræðingur, mætti á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir minnisblaði sem hann hefur unnið að beiðni sveitarstjórnar og liggur fyrir fundinum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samþykktir fyrir UTU en leggur um leið áherslu á mikilvægi þess að samþykktirnar verði teknar til endurskoðunar strax í byrjun ágúst. Við þá endurskoðun munu fulltrúar Hrunamannahrepps leggja áherslu á það sjónarmið að sveitarstjórnir hafi kost á að hafa skipulagsnefndir starfandi í hverju sveitarfélagi eins og reyndin er í öllum sveitarfélögum á landinu að því að sveitarstjórn best veit. Sveitarstjórn leggur ríka áherslu á að breytingunum verði lokið fyrir áramót 2024/2025.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

**8. Fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings: Fundargerð 3. fundar frá 30. apríl 2024.**

Lögð fram fundargerð 3. fundar fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

- Liður 1: Reglur Velferðarþjónustu Árnespings um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

- Liður 2: Reglur Velferðarþjónustu Árnespings um stuðningsþjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

- Liður 3: Tillaga um hækkun tekju- og eignamarka í reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings um sérstakan húsnæðisstuðning.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti og að þær gildi frá 1. maí sl.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

AGJ DGS

AA  
B  
33

9. **Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Fundargerð stj. frá 26. apríl sl.**  
Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

10. **Bergrísinn bs.: Fundargerð 72. stjórnarfundar frá 22. apríl sl.**

Lögð fram fundargerð 72. stjórnarfundar Bergrísans bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

11. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 235. fundar frá 6. maí 2024.**

Lögð fram fundargerð 235. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

12. **Héraðsnefnd Árneshvíls bs.: Fundargerð 32. fundar frá 9. apríl 2024.**

Lögð fram fundargerð 32. fundar Héraðsnefndar Árneshvíls bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn fagnar því að nú skuli Héraðsnefnd hafa ákveðið að hefja framkvæmdir við bíla- og tækjageymslu Brunavarna Árneshvíls á Flúðum.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

13. **Umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 13. maí 2024.**

Lögð fram umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lögræðislög (nauðungarvistanir, yfirlögráðendur o.fl.), 925. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

14. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumannunum á Suðurlandi frá 3. maí 2024.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf. um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi á Sæsabar, Smiðjustíg 10, á Flúðir um Versló, dagana 2. – 5. ágúst 2024

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.*

15. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumannunum á Suðurlandi frá 3. maí 2024.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf. um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi í Félagsheimili Hrunamanna, Langholtsvegi, á Fjölskyldu- og Bæjarhátíðinni Flúðir um Versló 2024, dagana 1. ágúst 2024 frá kl. 20:00 til kl. 03:00 aðfaranótt 5. ágúst 2024.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.*

*Bjarney Vignisdóttir vék af fundi.*

16. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumannunum á Suðurlandi frá 13. maí 2024.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – G Íbúðir í Auðsholti 2, 220-2981.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.*

*Hér mætti Bjarney Vignisdóttir aftur til fundar.*

AA

BV

DGS ARJ SS

**17. Erindi frá Matvælaráðuneytinu frá 13. maí 2024.**

Lagt fram bréf frá Matvælaráðuneytinu vegna beiðni um heimild til að veiðiréttur jarðarinnar Áss færist alfarið yfir á jörðina Skyggni.

*Sveitarstjórn telur ekki að sú gjörð að aðskilja veiðirétt frá jörðinni Ási valdi því að torvelt verði að stunda þar landbúnað til framtíðar og gerir því ekki athugasemd við að slík undanþága verði veitt.*

**18. Bréf frá Fjarskiptastofu frá 24. apríl 2024.**

Lagt fram bréf frá Fjarskiptastofu vegna Ljósleiðarakerfis Hrunaljóss. FST er nú sérstaklega að skoða eignarhald á staðbundnum ljósleiðaranetum í eigu sveitarfélaga og óskar eftir upplýsingum hvort haft hafi verið samband við sveitarfélagið í þeim tilgangi að óska eftir kaupum eða langtímaleigu á ljósleiðaraneti sveitarfélagsins eða hvort sveitarfélagið hyggst að eigin frumkvæði auglýsa ljósleiðaranet sveitarfélagsins til sölu.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að svara erindinu. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að kanna hvort fýsilegt væri að selja Hrunaljós og nýta þá fjármuni sem mögulega gætu fengist fyrir það fyrirtæki til uppbyggingar annarra mikilvægra innviða eins og til dæmis vatnsveitu.*

**19. Bréf frá Ferðaklúbbnum Fannari frá 1. maí 2024.**

Lagt fram bréf frá Ferðaklúbbnum Fannari þar sem óskað er eftir að skipulögð verði lóð undir fjallaskálann við Klakk, en þar er engin skipulögð lóð núna.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa að skipuleggja lóð í Klakki sem í kjölfarið yrði auglýst.*

**Starfsmannamál:**

**20. Minnisblað varðandi ráðningu skólastjóra Leikskólans Undralands.**

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra og formanns skólastjóra varðandi ráðningu skólastjóra við Leikskólann Undraland.

*Sveitarstjórn hefur kynnt sér ítarlega þær umsóknir sem bárust um stöðuna og fyrirliggjandi gögn. Að þeirri yfirferð lokinni og að fenginni umsögn formanns skólanevndar og sveitarstjóra samþykkir sveitarstjórn samhljóða að Jóna Björg Jónsdóttir verði ráðin í stöðu leikskólastjóra Leikskólans Undralands.*

**Fjárhagsleg málefni:**

**21. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 ásamt rekstraryfirliti það sem af er ári.**

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 ásamt útskrift úr aðalbók til dagsins í dag.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þær tillögur sem fram koma í viðaukanum en samtals breytingar til hækkunar á útgjöldum eru kr. 35.000.000,-. Samtals breytingar til hækkunar á tekjum eru kr. 10.250.000,-. Nettó áhrif þessara breytinga á sveitarsjóð eru kr. 24.750.000,-.

Þessum kostnaðarauka verði mætt með framlagi af liðnum 21-01-37910 en þar eru á áætlun kr. 14.000.,000,- til síðari nota fyrir sveitarstjórn. Því sem eftir stendur kr. 14.750.000,- verður mætt með lækkun á handbæru fé.

**22. Endurskoðunarskýrsla KPMG vegna ársreiknings 2023 ásamt árituðum ársreikningi ársins 2023.**

Lögð fram endurskoðunarskýrsla KPMG ásamt árituðum ársreikningi ársins 2023.

Skýrslan er lögð fram til kynningar sem og ársreikningurinn.

*Handwritten signatures and initials in purple ink, including 'DCS', 'Arg', 'JB', and 'B'.*

**Mál til kynningar:**

23. **Bréf frá Orlofi húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu frá 3. maí 2024.**  
**- Ásamt ársreikningi 2023.**

Lagt fram til kynningar.

24. **PLANNORD: Norræna skipulagsrannsóknþingið verður haldið 21.- 23.8 2024.**

Lagt fram til kynningar.

25. **Samtök orkusveitarfélaga: Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:14.



Alexandra Rós Jóhannesdóttir  
Dati Geir Samúelsson



Þjarney Vignisdóttir

